

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 254/2023

2024/EES/42/08

frá 27. október 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 316, 8.12.2022, bls. 100 ⁽¹⁾.
- 2) Framseld reglugerð (ESB) 2022/2292 fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fæður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fæður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11bza (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1353) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11bzb. **32022 R 2292**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 316, 8.12.2022, bls. 100.“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31qy (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1353) í II. kafla:

„31qz. **32022 R 2292**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 316, 8.12.2022, bls. 100.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18.

3. Texti liðar 11bi (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625) í hluta 1.1 í I. kafla og liðar 31qi (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625) í II. kafla fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 164zc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/932) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„164zd. **32022 R 2292**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 316, 8.12.2022, bls. 100.“

2. Texti liðar 164i (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625) fellur brott.

3. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 316, 8.12.2022, bls. 100, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.